

Hvernig skila ég inn skattframtali?

Vissir þú að flestar upplýsingar eru forskráðar á skattframtalið? Þú þarft einungis að passa að þær séu réttar.

Hér á eftir verður farið yfir það helsta sem þarf til að skila skattframtali.



Svona gerum við...




Innskráning

Skattframtalið er aðgengilegt á þínum síðum á www.skattur.is. Þú nálgast það með því að skrá þig inn með rafrænum skilríkjum eða veflykli.

Rafræn skilríki í símann getur þú nálgast í þínum banka eða hjá Auðkenni. Þeir sem eru undir átján ára aldri þurfa samþykki forráðamanna til að sækja um þau.

Veflykillinn er gefinn út af Skattinum og getur þú sótt hann á innskráningarsíðu þjónustuvefsins.



Smellt er á [Sækja veflykil](#), skráð kennitala og valið hvort senda eigi veflykilinn í heimabanka eða í bréfi á lögheimili. Einnig er hægt að nálgast veflykil í afgreiðslum Skattsins gegn framvísun persónuskilríkja.



Segðu okkur frá þér

Áður en þú byrjar framtalskilin viljum við fá að vita aðeins meira um þig.

Tölvupóstur og símanúmer:

Mikilvægt er að þú skráir réttar upplýsingar svo hægt sé að hafa samband og senda þér tilkynningar um mikilvæg skattaleg málefni.

Bankaupplýsingar: Til þess að geta greitt út inneignir til þín þá þurfum við réttar bankaupplýsingar.

Slysatrygging: Óskir þú eftir slysatryggingu við heimilisstörf hakar þú við reitinn á forsíðu skattframtalsins. Iðgjald vegna tryggingarinnar 550 kr. er lagt á við álagningu gjalda í lok maí.

Dvalartími: Hafir þú flutt til eða frá landinu á árinu eru dagsetningar áritaðar í kafla 1.6 á skattframtali. Teljir þú dagsetningarnar rangar þarf að leiðrétta þær. Ef áritun vantar, þarf framteljandi að skrá dagsetningar sjálfur.

Bankareikningur

Bank account

Inneignir og endurgreiðslur eru lagðar inn á þennan bankareikning.
Refunds will be deposited to this account.

Aðeins er leyfilegt að skrá bankareikning sem er í þinni elgu.
You can only register your own account number.

Banki Hb Reikn. nr.

Slysatrygging

Domestic insurance

Óska eftir slysatryggingu vegna heimilisstarfa
Request domestic insurance

Samskipti

Communication

Svo við getum sent þér abendingar eða haft samband, ef þess þarf.
So we can contact you if necessary.

Tölvupóstur: Er ekki með tölvupóstfang
E-mail Check if you don't have an e-mail account

Heimasími:

Farsími:

Cell phone



Þá hefst framtalsgerðin

Að vissum skilyrðum uppfyllt-um er boðið upp á einfaldaða útgáfu af skattframtalinu. Ef gera þarf breytingar, sem ekki

rúmast innan þessa einfaldaða forms, er hægt að kalla almenna skattframtalið fram í fullri útgáfu. Verði sá kostur valinn er ekki hægt að bakka til baka í einfölduðu útgáfuna.

Forsíða

Upphafssíða
Framtal 20XX

- Forsíða
- Tekjusíða
- Fjármagnstekjur
- Eignir og skuldir
- Sundurliðunarblað
- Afrit af framtali 20XX

Fylgiskjól
Rekstrarblöð
Fyrir bændur
Leiðbeiningar
Vista/geyma framtalið
Villuprófun

Senda framtal

Börn með lögheimili hjá framteljanda

Samsköttun

Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna

Greinargerð um kaup og sölu á eignum

Fenginn arfur

Dvalartími - búseta á Íslandi hluta úr ári

RSK 1.01

SKATTFRAMTAL

Kennitala framteljanda 000000-0001	Kennitala maka	Skattframtalið berst Ríkisskattstjóra Laugavegi 166 105 Reykjavík Sími 442 1000
Sveitarfélag lögheimilis 31. des. 20XX Hafnarfjörður 1400		

1 Almennar upplýsingar

Nafn - pósthúsi Jóna Jónsdóttir Öldugötu 131 220 Hafnarfjörður	Fjölskyldumerking 1+0+0
	Athugasemdir A

Slysatrygging við heimilisstörf Merkið í reitinn ef óskað er slysatryggingar: Indiana <input type="checkbox"/>	Ef valin er slysatrygging verður það val áritað á framtal næsta árs. Nánar hér.	Námsmenn erlendis Skattaleg heimilisfesti Merkið í reitinn ef óskað er eftir skattalegri heimilisfesti og fyllið út eyðublað RSK 3.26. Hvað er skattaleg heimilisfesti?
--	---	--

1.1 Börn fædd 200X og síðar, með lögheimili hjá framteljanda í lok árs 20XX

Nafn	Kennitala
Framteljandi þarf að yfirfara og leiðrétta upplýsingar um börn á framfæri hans.	
Ný lína	

Einstætt foreldri

Ef framteljandi fer fram á að fá barnabætur sem einstætt foreldri skal staðfesta það með því að merkjast í þennan reit.
[Sjá nánari skýringar hér](#)

1.2 Samsköttun: Einstaklingar í óvígðri sambúð, sem uppfylla skilyrði fyrir samsköttun, geta óskað eftir samsköttun með því að merkjast í reitinn hér fyrir neðan. Ekki er fallist á samsköttun nema merkt sé í reitinn hjá báðum.

Sjá í leiðbeiningum um skilyrði fyrir samsköttun Óskað er eftir samsköttun. Kennitala sambúðarmanns/konu:

1.3 Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna: Heimilt er að veita lækkun á tekjuskattstofni ef framteljandi hefur á framfæri sínu ungmenni, sem hefur ekki nægar tekjur til eigin framfærslu, t.d. vegna náms. Tilgreina skal nafn skóla eða ástæðu umsóknar. Hér er einkum átt við aldurinn 16-21 árs. Sjá nánar í leiðbeiningum.

Nafn skóla	527 Kennitala ungmennis	528 Tekjur
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Ný lína		

1.4 Greinargerð um kaup og sölu á eignum: Tilgreinið kaup og sölu hvers konar lausafjár, ökutækja og hjólhýsa o.s.frv. Sjá nánar í leiðbeiningum.

Athugasemdir framteljanda:
Tegund athugasemdar: Hér skal setja fram skýringar sem máli skipta vegna álagningar gjalda, aðrar en upplýsingar um kaup og sölu eigna.

1.5 Fenginn arfur

Kennitala arfláta	Arfur	Greiddur erfðafjárskattur
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Ný lína	0	0

1.6 Dvalartími - búseta á Íslandi hluta úr ári Residency in Iceland part of the year

Hafi framteljandi ekki dvalið á landinu allt árið 2018 þarf að skrá komu-/brottfaradag og til/frá hvaða landi var flutt.
If you did not live in Iceland for the entire year of 2018, you must state your arrival/departure date(s) and the other country.

Tegund flutnings Type of record	Dags. komu/brottfarar Date of arrival/departure	Land sem flutt var frá / til Country	Ógilda færslu Invalidate record
Flutt til Íslands / Moved to Iceland	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/> Ógilda færslu
Flutt frá Íslandi / Moved from Iceland	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/> Ógilda færslu

[Ný lína](#) Dvalartími á Íslandi á árinu (dagar)
Duration of stay in Iceland (days)

Ég staðfesti að framangreindur dvalartími er réttur
I confirm that the stated residence time is correct

Ég dvaldi ekki á Íslandi á árinu 20XX
I did not live in Iceland in 20XX

Ég dvaldi á Íslandi allt árið 20XX
I lived in Iceland all year 20XX

Afram ▶



Upplýsingar um tekjur, eignir og skuldir

Framtalið samanstendur af fjórum síðum. Á eftir forsiðu kemur tekju-síða, þá síða þar sem gera skal skil á

fjármagnstekjum framteljanda. Að lokum er síða þar sem gera skal grein fyrir öllum eignum og skuldum.

Tekjusíða

2.1 – Tekjur frá launagreiðenda

2.1	Launatekjur og starfstengdar greiðslur	?
Kennitala	Nafn launagreiðanda	Launafjárhæð
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="button" value="» Ný lína"/>		21 <input type="text" value="0"/>

Fjárhæðin eru heildartekjur þínar hjá vinnuveitanda áður en tekið er tillit til greiddra skatta í staðgreiðslu og iðgjalds í lífeyrissjóð. Því kann fjárhæðin að vera hærri en útgreidd laun.

2.3 – Lífeyrisgreiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun o.fl.

2.1	Launatekjur og starfstengdar greiðslur	?
Kennitala	Nafn launagreiðanda	Launafjárhæð
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="button" value="» Ný lína"/>		21 <input type="text" value="0"/>

Hér koma t.d. greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur og félagsleg aðstoð.

2.6 – Frádráttur af launum

2.6	Frádráttur	?
Frádráttur á móti ökutækjastyrk skv. RSK 3.04		32 - <input type="text" value="0"/>
Frádráttur á móti dagpeningum skv. RSK 3.11		33 - <input type="text" value="0"/>
Iðgjald sem greitt var í lífeyrissjóð á árinu - að hámarki 4% af launum		
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="button" value="» Ný lína"/>		162 - <input type="text" value="0"/>

Hér eru m.a. upplýsingar um hversu hátt iðgjald þú greiddir í innlenda lífeyrissjóði.

2.8 – Erlendar tekjur

2.8	Tekjur erlendis – sem aflað var á meðan þú hafðir heimilisfesti á Íslandi Income from abroad – earned while you were domiciled in Iceland						?
	Greiddir skattar erl. í erlendri mynt	Heildartekjur í erlendri mynt	Gjaldmiðill	Gengi	Heildartekjur í íslenskum kr.	Tegund tekna	
	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="0"/>	<input type="text"/>	
	Launagreiðandi: <input type="text"/>						
<input type="button" value="» Ný lína"/>						319 <input type="text" value="0"/>	

Færa þarf upplýsingar um erlendar tekjur sem aflað var á meðan þú bjóst á Íslandi. Þó ekki fjármagnstekjur.

2.9 – Skattfrjálsar tekjur

2.9	Skattfrjálsar tekjur	?
A. Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins		596 <input type="text"/>
B. Skattfrjálsir vinningar í happdrættum, getraunum og talhaleikjum		<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Hér eru skattfrjálsar tekjur eins og t.d. barnalífeyrir, örorkubætur vegna varanlegrar örorku, skattfrjálsir happdrættisvinningar og aðrir styrkir sem eru skattfrjálsir.

2.10 – Hvað greiddir þú háa staðgreiðslu

2.10	Staðgreiðsla af tekjum (öðrum en fjármagnstekjum)									296	0
<input type="button" value="» Ný lína"/>											

Staðgreiðsla ársins er skráð hér. Þú getur sannreynt fjárhæðina með því að skoða launaseðilinn þinn. Staðgreiðslan kemur til frádráttar á reiknuðum skatti í álagningu.

Fjármagns- tekjur

3.1 – Hvað áttir þú mikið inni á banka

3.1	Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum	Staðgreiðsla	Vaxtatekjur	Eign í árslok							
<input type="button" value="» Ný lína"/>											
Samtals		301	0	12	0	11	0				

Forskráðar eru upplýsingar um stöðu bankareikninga þinna á Íslandi í árslok ásamt vaxtatekjum. Ef um erlendan bankareikning er að ræða þarf oft að taka afstöðu til hans á sundurliðunarblaðinu og eru þeir skráðir í kafla 3.2.

Eignir og skuldir

4.1 - Húsnæði

4.1	Innlendar fasteignir skv. fasteignamati.										
<input type="button" value="» Ný lína"/>											
Samtals fasteignir		314									

Upplýsingar um þær innlendu fasteignir sem þú áttir í árslok eru færðar hér inn á fasteignamati ársins.

4.3 – Bílar

4.3	Bifreiðir										
<input type="button" value="» Ný lína"/>											
Samtals bifreiðaeign í árslok		06									

Upplýsingar um þá bíla sem þú áttir í árslok koma hér fram. Bifreiðir sem keyptar voru á síðasta ári færast á kaupverði. Ef upplýsingar um kaupverð vantar ber þér að færa þær inn á framtalið.

5.2 – Lán vegna íbúðarhúsnæðis

5.2	Vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.	Vaxtagjöld	Eftirstöðvar skulda
Staðsetning íbúðarhúsnæðis:			
Kaupár:			
1 Lánveitandi	Kennitala lánveit.	Lánsnúmer	Hlutfall %

Lán vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota færast í þennan reit.

5.5 – Aðrar skuldir

5.5	Aðrar skuldir og vaxtagjöld	Vaxtagjöld	Eftirstöðvar skulda		
Nafn og kennitala lánveitanda.					
<input type="button" value="» Ný lína"/>					
Samtals aðrar skuldir og vaxtagjöld		88	0	168	0

Sem dæmi er að finna hér upplýsingar um námslán, ökutækjalán og skuldir sem ekki falla undir reit 5.2.

Lánið mitt er ekki á framtalinu?

Ekki hafa áhyggjur. Þegar ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort lán eigi að vera í reit 5.2 eða 5.5 þarft þú að fara á sundurliðunarblaðið og taka afstöðu til þess.

Upphafssíða
Framtal 20XX
Fylgiskjöl
3.04 Ökutækjastyrkur
3.05 Umsókn um lækkun
3.11 Dagpeningar
3.26 Skattaleg heimilisfesti
2.02 Greidd leiga
3.02 Eignakaup
3.02 Sala eigna
3.03 Húsbyggingar-skýrsla

Greidd leiga

RSK 2.02		Greiðslumiði	
fyrir leigugreiðslur sem framteljandi greiddi öðrum fyrir leigu og afnot Fylgiskjal með skattframtali			
Nafn Jóna Jónsdóttir	Kennitala 000000-0001		
Leigusali (móttakandi leigugreiðslunnar), nafn og heimili			
<input type="text"/>			
<input type="text"/>			
Kennitala (ef leigusali er erlendur skal skrá 999999-9999)			
<input type="text"/>			
Greidd leiga af íbúðarhúsnæði Staðsetning leiguhúsnæðis	Greiðsla er fyrir tímabilið	Greidd fjárhæð í heilum krónum	
<input type="text"/>	65	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Ef þú bjóst í leiguhúsnæði á síðasta ári ber þér að veita upplýsingar um hversu háa leigu þú greiddir, nafn og kennitölu leigusala og staðsetningu leiguhúsnæðis. Til að skila upplýsingum um greidda leigu þarft þú að fara undir fylgiskjöl og velja greiðslumiði (RSK 2.02). Fyllir inn þær upplýsingar sem þarf og heldur svo áfram með framtalsskilin.

Skattframtal móttakið	
Skattframtali 20XX var skilað 8. mars 20XX kl. 14:14	
Kennitala	000000-0001
Móttökunúmer	1.702
Kvittun fyrir móttöku framtals Ríkisskattstjóri	
Eintak af kvittuninni er ávallt aðgengilegt á þjónustusiðunni, undir flípanum Samskipti.	
» Prenta kvittun	» Hætta

Mundu að þú ert ekki búinn að skila framtali fyrr en móttökukvittun birtist á skjánum.

Í lokin

Niðurstöður álagningar verða birtar í lok maí. Hafi of lágum skatti verið haldið eftir í staðgreiðslu verður þú að standa skil á því sem upp á vantar. Hins vegar hafi of hárra staðgreiðslu verið haldið eftir getur það leitt til endurgreiðslu við álagningu opinberra gjalda.

Við álagningu eru tvö gjöld lögð á þá sem eru með tekjur umfram tiltekin tekjumörk. Gjöldin eru útvarps-

gjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þeir sem vinna tímabundið á Íslandi greiða einnig þessi gjöld séu tekjur þeirra umfram tekjumörk og dvöl þeirra nær 183 dögum á 12 mánaða tímabili.

Þeir sem eru með skráð netfang fá tilkynningu þegar niðurstöður álagningar eru aðgengilegar á www.skattur.is.



Ef þig vantar frekari aðstoð má hafa samband við okkur

Sími 442 1414

framtal@skatturinn.is – www.skatturinn.is